Dags. 14. maí 2020

Félagsmálaráðuneytið
Skógarhlíð 6
105 Reykjavík

Efni: Umsögn um breytingu á lögum um mannvirki nr. 160/2010 (flokkun mannvirkja og eftirlit með mannvirkjagerð)

Í frumvarpinu eru lagðar til þrjár meginbreytingar, sem snúa í fyrsta lagi að flokkun mannvirkja, í öðru lagi að rafrænum skil og rafrænar undirritanir, og í þriðja lagi niðurfellingu á faggildingarkröfu fyrir byggingarfulltrúaembætti sveitarfélaga og Húsnæðis- og mannvirkjastofnun.

Eins og rakið er í frumvarpinu að þá er lagt til að ráðherra skuli í reglugerð flokka mannvirki eftir stærð, vandastigi, fyrirhugaðri notkun og samfélagslegu mikilvægi með það að markmiði að hægt sé að aðlaga umsóknarferli og eftirlit að eðli og umfangi framkvæmda. Samiðn telur mikilvægt í því sambandi að ekki verði gefinn neinn afsláttur af þeim kröfum sem gerðar til byggingaframkvæmda. Hér mætti að einhverju leyti horfa til þess að gera vægari kröfur um eftirlit á einfaldari byggingum og þegar fólk er að byggja til eigin nota. Hins vegar þarf að tryggja rétt neytenda hvað þetta varðar m.a. með fullri aðkomu iðnmenntaðra að slíkum byggingarframkvæmdum, enda geta slíkar byggingar verið seldar á síðari stígum.

Þá kemur fram í frumvarpinu að þar sé hnykkt á því að rafræn skil á hönnunargögnum og rafrænar undirskriftir og samþykki vegna umsóknarferlis og skila á gögnum vegna mannvirkjagerðar verði að meginreglu. Að þetta sé mikilvægur þáttur í því að ná fram þeim markmiðum stjórnvalda að minnka sóun með því að stuðla að rafrænum skilum á gögnum, rafrænum undirskriftum og rafrænum samskiptum. Samiðn fagnar þessum breytingum og telur mikilvægt að opna á rafræn skil með ríkari hætti en nú er gert.

Loks kemur fram í frumvarpinu að það feli í sér niðurfellingu á faggildingarkröfu fyrir byggingarfulltrúaembætti sveitarfélaga og Húsnæðis- og mannvirkjastofnun. Að sveitarfélögin hafi flest talið að mikill kostnaðarauki felist í kröfu um faggildingu leyfisveitanda og hafa þau, ásamt fulltrúum atvinnulífsins, bent á að ákjósanlegra væri að skoða heldur útvistun verkefna til óháðra sérfræðinga, svo sem verkfræðistofa. Er það mat Samiðnar að slík breyting geti í eðli sínu verið jákvæð ef tryggt er að ekki sé um íþyngjandi aðgerð að ræða fyrir þá sem þurfa umrædda þjónustu. Að ekki verði hægt í krafti einokunar mögulegt að verðleggja hana umfram það sem eðlilegt getur talist.

Með vísan til framangreinds telur Samiðn að umrætt frumvarp hafi margt jákvætt fram að færa en tryggja verði að horft sé til þeirra atriða sem tilgreind eru að ofan.

F.h. Samiðnar

Elmar Hallgríms, framkvæmdastjóri Samiðnar